

Ed.

729. Frumvarp til laga

[385. mál]

um breytingu á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Svavar Gestsson, Guðmundur Ágústsson, Guðrún Agnarsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Kolbrún Jónsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Skúli Alexandersson.

1. gr.

Við A-lið 6. gr. laganna, sbr. lög nr. 1/1988, bætist nýr töluliður sem orðist svo:
23. Bifreiðar sem notaðar eru til almenningssamgangna eftir ákvörðun fjármálaráðherra og með skilyrðum sem hann setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Jón G. Tómasson skrifaði fyrir hönd borgarstjóra þingmönnum Reykjavíkur svofellt bréf 10. febrúar síðastliðinn:

„Á fundi borgarstjórnar 4. þ.m. var samþykkt að fara þess á leit við Alþingi að það felli niður söluskatt og aðflutningsgjöld af innflutningi nýrra strætisvagna til Strætisvagna Reykjavíkur.

Í greinargerð með tillögunni sagði svo:

Þjóðhagsleg hagkvæmni almenningssamgangna hér á höfuðborgarsvæðinu er óumdeil-anleg. Fjölgun einkabíla hefur á undanförunum árum orðið mun hraðari en spár sögðu til um og nú er svo komið að bílaeign er búin að ná því marki sem álitíð var að yrði um næstu aldamót. Nýjar athuganir Hollustuverndar ríkisins hafa sýnt fram á að mengun er hér orðin meiri af völdum umferðar en í mörgum borgum Evrópu.

Með samþykkt þessarar tillögu taka Alþingi og ríkisstjórn þátt í sérstöku átaki til að sporna við þessum geigvænlegu áhrifum mengunar og slysa sem fylgja gifurlegri aukningu einkabílaumferðar.

Skorar borgarstjórn á þingmenn Reykvíkinga að fylgja þessu máli fast eftir.“

Frumvarpið er flutt í samræmi við þessa samþykkt borgarstjórnar og lagt til að söluskattur falli niður af bílum til almenningssamgangna.

Frumvarpið miðast ekki aðeins við Reykjavík og er því fjármálaráðherra ætlað að setja almennar reglur um þessa undanþágu.